


Auðarskóli  
370 Búðardal  
S: 4341133



# Einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun byggð á virknimati

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



Nafn skóla: Auðarskóli, Dalabyggð

Nafn verkefnisins: Einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun byggð á virknimati

Nafn verkefnisstjóra: Sesselja Árnadóttir, grunnskólakennari

Samningsnúmer: 37.2012-2013,  
verkefnið unnið skólaárið 2012-2013

### **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

- Að bæta hegðun og líðan einstakra nemenda sem þurfa mikinn stuðning í félagsfærni.
- Að bæta samskipti, auka hlustun og virkt lýðræði meðal nemenda.
- Að breyta viðhorfi starfsmanna til þess hvernig horft er á samskipta- og hegðunarvandamál.
- Að skapa jákvætt andrúmsloft á vinnustað sem byggir á jákvæðum viðhorfum og virku lýðræði.

### **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum**

- Haldnir voru upplýsinga- og kynningarfundir meðal starfsfólk skólans um verkefnið.
- Gerð var þarfagreining í samvinnu við kennara og þátttakendur valdir til að fara í virknimat framkvæmda af Sesselju.
- Virknimat- og stuðningsáætlun framkvæmd.
  - Mælingar á truflun og vinnu nemenda með beinu áhorfi
  - Viðtöl tekin við nemendur, foreldra og kennara viðkomandi nemenda.
  - Einstaklingsmiðuð stuðningáætlun með hvatningakerfi útbúin í samvinnu við kennara og hún kynnt fyrir nemendum og foreldrum.
- Teymi eða vinnuhópar myndaðir með þeim sem komu að kennslu hvers þátttakanda.
- Stuðningsáætlanir endurskoðaðar reglulega, það er samkvæmt áætlun eða eftir þörfum.
- Verkefnisstjóri tekur saman árangur af vinnunni.

### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

- Hlé varð á mælingum og inntöku nýrra þátttakanda vegna þess að Sesselja var frá vinnu vegna slyss janúar og febrúar.
- Gerð lokaskýrslu drógst.

### **Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

- Stundum erfitt að finna samstarfstíma fyrir sameiginlega upplýsingafundi.
- Erfiðleikar við framkvæmd hvatningakerfis þegar forfallakennrarar tóku við án undirbúnings eða þekkingar á verkefninu.

### **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

- Nemendurnir sem fengu einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun lærðu nýja og árangursríkari hegðun.
- Nemendurnir fundu fyrir því að á þá væri hlustað og lærðu þar með lýðræðisleg vinnubrögð. Þeir urðu um leið jákvæðari gagnvart skólanum.
- Foreldrar nemenda eru sammála um að stuðningsáætlun byggð á virknimati er góð leið til að takast á við erfiða hegðun.
- Foreldrar og fjölskyldur greindu betri líðan og hegðun nemenda heima.

- Foreldrar fundu fyrir auknum áhuga á náminu yfir skólaárið.
- Þátttakendum gekk betur í frítíma jafnvel þar sem einstaklingsmiðaða stuðningsáætlunin náði bara yfir vinnuna inni í skólastofunni.
- Kennararnir sem tóku þátt í að framfylgja einstaklingsmiðuðu stuðningsáætlununum voru ánægðir með árangurinn og vilja halda áfram með verkefnið.
- Viðbrögð starfsfólks almennt við nemendum með hegðunarfrávik urðu jákvæðari, þ.e. áhersla lögð á það jákvæða í stað þess neikvæða.

**Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

- Verkefnið hefur skilað merkjanlegum árangri í átt að settum markmiðum.
- Verkefnið hefur haft áhrif á skólastarfið í heild með breyttu viðhorfi starfsfólks.

**Niðurstöður verkefnisins:**

Þar sem verkefnið hefur skilað góðum árangri er vilji fyrir því að halda áfram að þráða aðferðir til að takast á við erfiða hegðun nemenda, þjálfa hlustun og þroska lýðræðisleg vinnubrögð meðal nemnda og starfsfólks skólans.

**Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

- Kynna einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir byggðar á virknimati fyrir foreldrum nemenda með hegðunarerfiðleika í Auðarskóla næsta skólaár.
- Kynna verkefnið fyrir skólastjórum á Vesturlandi.
- Kynna verkefnið fyrir starfsfólk annara skóla sem þess óska.
- Kynna verkefnið á ráðstefnu Sprotasjóðs.
- Birta niðurstöður verkefnisins á vef skólans.

06.06.2013

Sesselja Árnadóttir

Sesselja Árnadóttir,  
verkefnisstjóri



AUÐARSKÓLA

Eyjólfur Sturlaugsson

Eyjólfur Sturlaugsson,  
skólastjóri Auðarskóla